

5. gr.

Tillag Flateyrarhrepps til sýsluvegarins skal sveitarstjórnin taka upp á fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá, hve mikið skal leggja til vegarins ár hvert.

105

12. sept.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Flateyrarhrepps að annast framkvæmdir á vegalagningunni, ef annað er ekki tilskilið af vegamálastjóra.

Verkakaup í vinnu við veginn greiðir Flateyrarhreppur eftir kauptaxta þeim, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef öðruvísi verður ekki um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram glöggan reikning með fylgiskjöllum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn því næst endurskoðaður, ásamt hreppsreikningnum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renni í sveitar-sjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning á fiski til Bretlands.

106

13. sept.

Með því að ljóst er að íslenskir fiskútflytjendur geta ekki, vegna viðskipta-samningsins við brezku ríkisstjórnina, flutt til Bretlands allan þann fisk, sem þeir óska á þessu ári, verður að takmarka sem mest útflutning á mjög verðlittum fiski, og hefir atvinnumálaráðuneytið því sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þau íslensk veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fisk til Bretlands mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum:

106 ufsa, karfa, keilu, háfi og steinbit, en sem svarar samanlögðu 10% — tíu af
13. sept. hundraði — af þunga aflans.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. þegar ástæður mæla með.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. reglugerðar þessarar varðar sektum frá 1000 til 10000 kr.

4. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

107

15. sept.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafreóttur.

2. gr.

Um upprekstrarskyldu.

Þeir, sem nægilegt afréttarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir þurfa ekki að hafa heima á sumrum, eða geta fengið leigðan afrétt fyrir hann, skulu reka til afréttar geldfé sitt, lömb og dilkær, svo og stóðhross, nema þeir hafi